



Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið  
b/t Svandísar Svavarsdóttur, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra  
Skúlagötu 4  
101 Reykjavík

Tálknafjörður, 20. janúar 2022  
2112083 ÓPÓ

Efni: **Úthlutun byggðakvóta 2021-2021.**

Á 585. fundi sveitarstjórnar Tálknafjarðarhrepps sem fór fram 20.01.2022 var að nýju tekið fyrir erindi frá Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu dags. 21.12.2021 þar sem tilkynnt er um fyrirkomulag á úthlutun byggðakvóta til byggðalaga fiskveiðiárið 2021/2022 og sveitarfélögum gefinn kostur á að senda ráðuneytinu tillögur að sérreglum. Á fundinum var eftirfarandi tillaga samþykkt samhljóða:

*Sveitarstjórn Tálknafjarðarhrepps samþykkir að sótt verði um að settar verði sérreglur um úthlutun byggðakvóta Tálknafjarðar fiskveiðiárið 2021/2022 með sama hætti og gert var fyrir fiskveiðiárin 2019/2020 og 2020/2021, þ.e að fallið verði frá vinnsluskyldu og 50/50-regla látin gilda varðandi veiðireynslu. Með þessu er fallið frá ákvörðun sveitarstjórnar frá 584. fundi hennar sem fór fram 13.01.2022 um að sækja ekki um sérreglur vegna úthlutanar byggðakvóta fyrir fiskveiðiárið 2021/2022.*

*Engin hefðbundin fiskvinnsla er rekin á Tálknafirði. Því er full ástæða til að falla frá ákvæðum um vinnsluskyldu á þeim afla sem þar er landað sem byggðakvóta og þar með gefa útgerðaraðilum tæk á því að fá sem best verð fyrir veiddan fisk. Slíkt er líklegt til að efla í senn atvinnu- og mannlíf í byggðalaginu. Jafnframt byggir tillagan á því mati að mikilvægt sé fyrir atvinnulíf á Tálknafirði að sem flestir útgerðaraðilar fái tækifæri til að fá úthlutaðan byggðakvóta og því er lagt til að veiðireynsla frá fyrra ári gildi 50% í úthlutun en 50% skiptist jafnt á þá aðila sem lönduðu í Tálknafjarðarhöfn á síðasta fiskveiðiári. Þá er mikilvægt að halda því til haga að tillagan útilokar ekki að útgerð sem landar í Tálknafjarðarhöfn geti gert vinnslusamning við vinnslur í nágrannasveitarfélögum Tálknafjarðarhrepps.*



## Tálknafjörður

Tálknafjarðarhreppur - Strandgötu 38, 460 Tálknafjörður - kt. 640269-6779 - Sími 450-2500 – talknafjordur@talknafjordur.is

*Rétt er að benda á að fordæmi eru fyrir því ráðuneytið hafi samþykkt sérreglur fyrir önnur byggðalög þar sem vinnsluskýlda hefur verið felld niður. Þar með ætti að vera ljóst að slíkt hið sama sé hægt að gera á Tálknafirði þar sem engin hefðbundin fiskvinnsla er rekin og full rök eru að baki slíku ákvæði. Nýlegt dæmi er sú ákvörðun bæjarstjórnar Akureyrarbæjar að óska eftir því að vinnsluskýlda verði felld niður vegna byggðakvóta til Grímseyjar.*

Um leið og ráðherra er upplýstur um þessa tillögu sveitarstjórnar Tálknafjarðarhrepps er óskað eftir því að þetta bréf verði tekið til afgreiðslu af ráðuneytinu en litið fram hjá bréfi frá sveitarfélaginu dags. 14.01.2022 varðandi sama málefni.

Virðingarfyllst,



Ólafur Þór Ólafsson  
sveitarstjóri